Mat þátttakenda á árangri Tækifærisins

Niðurstöður könnunar á ánægju og upplifun þátttakenda á námskeiði Tækifærisins

Sex vikna námskeið í mars – apríl 2026

Ábyrgðarmaður könnunar: Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., margrei@hi.is

Reykjavík, maí 2026

Formáli

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður á mati á árangri af 6 vikna námskeiði Tækifærisins um íslenskan vinnumarkað, íslenskt samfélag og hvernig takast á við persónulegar hindranir ásamt eftirfylgd hvað varðar atvinnuleit og atvinnuþátttöku. Námskeiðið stóð yfir frá 9. mars – 30 apríl 2026 að meðtöldu páskaleyfi. Það var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun og ætlað ungum mönnum af erlendum uppruna á aldrinum 18 – 29 ára sem höfðu verið atvinnuleitendur í talsverðan tíma, í flestum tilfellum í yfir eitt ár. Níu þátttakendur byrjuðu á námsskeiðinu og allir sátu þeir það til enda. Í lok námskeiðsins og eftir að því lauk voru þátttakendur aðstoðaðir í atvinnuleit og við atvinnutengingu og mun sú aðstoð halda áfram næstu þrjá mánuði verði þörf á.

Strax að námskeiði loknu var þátttakendum sendur spurningalisti í tölvupósti og þeim gefin ein vika til að svara. Svörun var ítrekuð einu sinni. Allir 9 þátttakendur námskeiðsins svöruðu spurningalistanum og *svörun því 100%.*

Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins.

Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., sá um framkvæmd matsins og ber faglega ábyrgð á því.

Samantekt:

Heilt yfir þá voru þáttakendur ánægðir með námskeiðið. Þannig gáfu þeir því ágætiseinkunn þegar þeir voru beðnir um að meta það á tölulegum kvarða auk þess sem svör við opnum spurningum voru almennt mjög jákvæð, samanber þessi orð:

Ég kunni vikrilega að meta námskeiðið, takk fyrir mig.

Þátttakendur voru ánægðir með starfsfólkið og töldu það hafa verið mjög til einstaklega styðjandi. Eins voru töldu þeir þá fræðslu og ráðgjöf sem veitt var á námskeiðinu almennt vera mjög góða, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir. Aðeins í einu tilfelli gaf þátttakendi neikvæða einkunn en það var varðandi gagnsemi fræðslunnar um íslenskt samfélag.

Engin bein neikvæð ummæli er að finna í opnu svörum könnunarinnar. Engu að síður er þar að finna ábendingar sem hníga í sömu átt og niðurstöður úr fyrri matskönnunum á Tækifærinu. Þar hefur oftar en einu sinni komið fram hversu mikilvægt það er að tilgangur námskeiðsins og væntingar þátttakenda fari saman. Það verður þó líka að taka með í myndina að seint verður hægt að sníða námskeið sem þetta það vel að það smellpassi að þörfum og væntingum allra þátttakenda.

Þessi könnun var lögð fyrir strax að námskeiðinu loku. Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu. Þá færst endanlegt mat á árangi námskeiðsins.

Aðferðir

Matið byggir á spurningalista sem rannsakandi og framkvæmdarstjóri Tækifærisins hafa samið í sameiningu. Spurningarlistinn sem sendur var út nú samanstendur af níu spurningum, sjö lokuðum og tveimur opnum. Í lokuðum spurningum gátu svarendur valið um nokkra svarmöguleika en í þeim opnu voru þeir beðnir að svara með eigin orðalagi. Eins og áður segir þá verður aftur haft samband við þátttakendur þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum og atvinnustaða þeirra könnuð. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins.

Allar spurningarnar eru frumsamdar og eiga sér því ekki fyrirmyndir í mati á öðrum úrræðum. Kosturinn við slíkar frumsamdar spurningar er að þær ná auðveldlega að fanga það fyrirbæri sem verið er að mæla en ókosturinn er sá að ekki er hægt að bera niðurstöðurnar saman við mælingar á árangri annarra sambærilegra úrræða (Fowler, 2009). Ástæðan fyrir því að matið byggir alfarið á frumsömdum spurningum er sú að rannsakanda er ekki kunnugt um að sambærilegt mat hafi farið fram á öðrum sambærilegum námskeiðum sem hægt væri að bera Tækifærið saman við. Engu að síður væri hægt að bera niðurstöðurnar sem hér birtast saman við niðurstöður á mati fyrri námskeiða Tækifærisins, en þau eru nú orðin 7 talsins.

Þeir sem luku námskeiðinu voru á aldrinum 25 – 29 ára, allt karlar. Enska er þeim flestum tamari en íslenska og spurningarlistinn því á ensku. Allir þátttakendum svöruðu spurningalistanum, eða 100%.

Við lestur niðurstaðnanna verður að hafa í huga að niðurstöðurnar byggja á huglægu mati þátttakenda en ekki á hlutlægu mati sérfræðinga á árangri úrræðisins. Í öllu starfi með fólki og mati á þjónustu við það er æ meiri áhersla lögð á slíkt huglægt mat og um leið á að þjónustan sé í samræmi við þarfir og óskir skjólstæðinga/þátttakenda (Braun og Clark, 2013). Að auki styrkir það áræðanleika niðurstaðnanna að allir þátttakendur námskeiðsins svörðu könnuninni (Fowler og Floyd, 2009).

Í öllum lokuðu spurningunum var notast við fimmgildan kvarða þar sem 1 = lægsta gildi og 5 = hæsta gildi. Meðaltöl voru reiknuð út til að greina þau gögn þar sem 1,0 gefur lægsta mögulega gildi en 5,0 hæsta mögulega gildi (Fowler og Floyd, 2009). Þemagreining var notuð til að greina svörin við opnu spurningunum (Braun og Clark, 2013).

Niðurstöður

Heildarmat á Tækifærinu

Þátttakendur voru beðnir um að leggja heildarmat á Tækifærið á fimmgildum kvarða:

- 1= mjög slæmt,
- 2 = slæmt,
- 3 = hvorki slæmt né gott,
- 4 = gott,
- 5 = mjög gott.[1]

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 1.

Tafla 1. Heildarmat á Tækifærinu

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á Tækifærinu	9	4,7	5	4-5

Tafla 1 sýnir að þegar þátttakendur voru beðnir að meta Tækifærið heildstætt gáfu þeir því meðaleinkunnina 4,7, eða ágætiseinkunn. Sex af níu svarendum gáfu námskeiðinu hæstu einkunn og sögðu það vera mjög gott en þrír gáfu því næst hæstu einkunn og töldu úrræðið vera gott. Enginn gaf því hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

Spurt var um hversu styðjandi starfsfólk Tækifærisins hefði verið á kvarðanum:

- 1 = alls ekki styðjandi,
- 2 = lítið styðandi,
- 3 = nokkuð styðjandi,
- 4 = mjög styðjandi,
- 5 = einstaklega styðjandi.[2]

Niðurstöðurnar birtast í tölfu 4.

Tafla 2. Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á stuðningi frá starfsfólki	9	4,4	4	4-5

Að meðaltali gáfu þátttakendur starfsfólki Tækifærisins einkunnina 4,4 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir hversu styðjandi starfsfólkið var eins og tafla 4 sýnir. Með öðrum orðum þá eru

[1] (e. 1= very poor, 2 = rather poor, 3 = neither poor nor good, 4 = rather good, 5 = very good).

[2] (e. 1 = not at all supportive, 2 = not so supportive, 3 = somewhat supportive, 4 = very supportive, 5 = extremely supportive).

þátttakendur ánægðir með starfsfólkið og telja það hafa verið mjög til einstaklega styðjandi. Enginn gaf starfsfólkinu hlutlausa eða neikvæðaeinkunn fyrir það hversu styðjandi það var.

Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar við að takast á við persónulegar áskoranir?

Þátttakendur voru beðnir að meta á eftirfarandi skala að hve miklu gagni fræðslan og ráðgjöfin sem veitt var á námskeiðinu hefði komið við að takast á við persónulegar áskoranir:

- 1= að eigu gagni,
- 2 = að litlu gagni,
- 3 = að nokkru gagni,
- 4 = að miklu gagni,
- 5 = að mjög miklu gagni.[3]

Niðurstöður má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar sem veitt var við að takast á við persónulegar áskoranir

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu og ráðgjafar við að takast á við persónulegar áskoranir	9	4,0	4	3-5

Tafla 3 sýnir að þegar þátttakendur voru beðnir að meta gagnsemi þeirrar fræðslu og ráðgjafar sem veitt var til að takast á við persónulegar áskoranir þeirra gáfu þeir meðaleinkunnina 4,0 af fimm mögulegum. Þrír af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu þessa þætti hafa komið að mjög miklu gagni og aðrir þrír sögðu þá hafa komið að miklu gagni. Þrír þátttakendur gáfu fræðslunni og ráðgjöfunni til að takast á við persónulegar aðstæður síðan hlutlausa einkunn en enginn gaf henni neikvæða einkunn.

Gagnsemi fræðlu og ráðgjafar um íslenskt samfélag og um íslenskan vinnumarkað

Þá voru þátttakendur voru beðnir að meta gagnsemi fræðslunnar og ráðgjafarinnar sem veitt var um annars vegar íslenskt samfélag og hins vegar um íslenskan vinnumarkað. Spurningarnar tvær voru metnar á sama skala og spurningin hér að ofan um gagnsemi fræðslu og ráðgjafar tengda persónulegum áskorunum.

Niðurstöðurnar eru birtar í töflum 3 og 4.

Tafla 4. Gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	9	4,0	4	2-5

[3] (e. 1= not at all helpful, 2 = not so helpful, 3 = somewhat helpful, 4 = very helpful, 5 = extremely helpful).

Tafla 4 sýnir að þátttakendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskt samfélag meðaleinkunnina 4,0 af fimm mögulegum. Þrír af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið af mjög miklu gagni og fjórir sögðu hana hafa komið að miklu gagni. Einn þátttakandi gaf fræðlsunni um íslenskt samfélag hlutlausa einkunn og einn neikvæða einkunn.

Tafla 5. Gagnsemi fræðslu um íslenskan vinnumarkað

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	9	4,2	4	4-5

Tafla 5 sýnir að þátttakendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskan vinnumarkað meðaleinkunnina 4,2 af fimm mögulegum. Tveir af níu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið að mjög miklu gagni en hinir sjö að hún hefði komið að miklu gagni. Enginn gaf fræðslunni um íslenskan vinnumarkað hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Var hæfilega mikil útivist?

Spurt var um hvort þátttakendur voru sáttir við það umfang útivistar sem boðið var upp á á námskeiðinu eða hvort þeir hefðu viljað meiri eða minni útivist. Umfangið var metið á kvarðanum:

- 1= mikið minni,
- 2 = nokkuð minni,
- 3 = hvorki meiri né minni,
- 4 =nokkuð meiri,
- 5 = mikið meiri.[4]

Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 6.

Tafla 6. Var hæfilega mikil útivist á námskeiðinu?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á umfangi útivistar	9	3,4	3	3-5

Tafla 6 sýnir sýnir að meðaltal svaranna við spurningunni um hvort útivistinn sem boðið var upp á hafi verið hæfilega mikil er 3,4. Að jafnaði töldu svarendur því að þeir hefðu viljað að boðið væri upp á heldur meiri útivist. Enginn svaraði því til að umfang útivistarinnar hefði átt að vera nokkuð minna eða mikið minna.

Hentaði Friðarhúsið fyrir námskeiðið?

Þátttakendur voru beðnir um að meta hentugleika Friðarhúsins sem stað fyrir námskeiðið á eftirfarandi kvarða:

[4] (e. 1= much less, 2 = somewhat less, 3 = neiter more nor less, 4 = somewhat more, 5 = much more).

- 1= mjög illa,
- 2 = frekar illa,
- 3 = hvorki vel né illa,
- 4 = nokkuð vel,
- 5 = mjög vel.[5]

Tafla 7. Hvernig metur þú Friðarhúsið sem stað fyrir námskeiðið?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á hentugleika Friðarhúsins	9	4,6	5	3-5

Tafla 7 sýnir að svarendur gáfu Friðarhúsinu 4,6 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir um hentugleika þess. Að jafnaði mátu svarendur því að Friðarhúsið væri góður til mjög góður staður fyrir námskeiðið. Einn þátttakandi gaf Friðarhúsinu hlutlausa einkunn og taldi það hvorki góðan né slæman stað fyrir námskeiðið en enginn af því neikvæða einkunn.

Hvernig líkaði þátttakendum við námskeiðið? – Niðurstöður úr opnum spurningum

Þátttakendur voru beðnir að svara með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða líkaði ekki við námskeiðið. Í lok könnunarinnar voru þeir að auki spurðir um hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri í könnuninni. Svörin úr þessum tveimur spurningum voru greind í einu lagi.

Flest svaranna eru samhljóða tölulega matinu um að í heildina hafi námskeiðið verið gott eða mjög gott. Í svörunum er að finna lofsamleg orð um starfið, svo sem:

> *Ég naut mín virkilega á námskeiði Tækifærisins. Það sem mér líkaði einna mest var að fá að kynnast íslensku samfélagi og íslenskri menningu betur. Það hjálpaði mér við að skilja hvernig lífi fólk lifir á Íslandi og hvernig samskipti þess eru, og styrkti þá tilfinningu að tilheyra þessu samfélagi. Námskeiðið hjálpaði mér við að aðlagast betur lífinu á Íslandi og veitti mér innblástur hvað varðar vinnu, sjálfseflingu og að hugsa jákvætt um framtíðina.*[6]

Enginn bein neikvæð ummæli er að finna í svörunum þó að í tveimur svaranna sé að finna ábendingar um eitthvað sem mætti betur fara. Þannig segir einn þátttakendi að þrátt fyrir að honum hafi líkað námskeiðið þá hafi „þetta verið of mikið“ og annar að þrátt fyrir að hann sé mjög þakklátur fyrir þann stuðning sem starfsfólkið veitti honum þá hafi hluti námsefnisins farið út fyrir þann megintilgang námskeiðsins að hjálpa þátttakendum að aðlagast íslensku samfélagi og finna vinnu. Hann tekur síðan fram að kannski eigi þetta aðeins við hann einan þar sem hann hafi lengi haft áhuga á Íslandi og þekki því orðið vel til.

Þessi ábending þátttakandans um að gagnrýni hans eigi frekar við hann einan en þátttakendur í heild leiðir hugann að því hve mikilvægt er að vandað sé til verka þegar þátttakendur á námskeið sem þetta eru valdir. Að því leyti hníga niðurstöðurnar nú í sömu átt og niðurstöður úr fyrri matskönnunum á

[5] (e. 1= very poor, 2 = rather poor, 3 = neiter poor nor good, 4 = rather good, 5 = very good).

[6] (e. I really enjoyed my experience with The Opportunity. One of the things I liked the most was getting to know Icelandic society and culture better. It helped me understand how people live and communicate in Iceland, and it made me feel more comfortable being part of the community. The program helped me adapt better to life in Iceland and gave me more motivation to work, improve myself, and think positively about the future).

Tækifærinu. Þar hefur oftar en einu sinni komið fram hveru mikilvægt það er að tilgangur námskeiðsins og væntingar þátttakenda fari saman. Það verður þó líka að taka með í myndina að seint verður hægt að sníða námskeið sem þetta það vel að það smellpassi að þörfum og væntingum allra þátttakenda. Stakkurinn sem sniðinn er utan um námsskeiðið getur ekki verið það þröngur að hann passi aðeins á einn eða örfáa.

Samantekt

Heilt yfir þá voru þáttakendur ánægðir með námskeiðið. Þannig gáfu þeir því ágætiseinkunn þegar þeir voru beðnir um að meta það á tölulegum kvarða auk þess sem svör við opnum spurningum voru almennt mjög jákvæð, samanber þessi orð:

Ég kunni vikrilega að meta námskeiðið, takk fyrir mig.[7]

Þátttakendur voru ánægðir með starfsfólkið og töldu það hafa verið mjög til einstaklega styðjandi. Eins voru töldu þeir þá fræðslu og ráðgjöf sem veitt var á námskeiðinu almennt vera mjög góða, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir. Aðeins í einu tilfelli gaf þátttakendi neikvæða einkunn en það var varðandi gagnsemi fræðslunnar um íslenskt samfélag.

Engin bein neikvæð ummæli er að finna í opnu svörum könnunarinnar. Engu að síður er þar að finna ábendingar sem hníga í sömu átt og niðurstöður úr fyrri matskönnunum á Tækifærinu. Þar hefur oftar en einu sinni komið fram hversu mikilvægt það er að tilgangur námskeiðsins og væntingar þátttakenda fari saman. Það verður þó líka að taka með í myndina að seint verður hægt að sníða námskeið sem þetta það vel að það smellpassi að þörfum og væntingum allra þátttakenda.

Þessi könnun var lögð fyrir strax að námskeiðinu loku. Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu. Þá fæst endanlegt mat á árangi námskeiðsins.

Heimildir:

Braun, V. og Clark, V. (2013). *Successful qualitative research, a practical guide for beginners*. London: Sage.

Fowler, J. og Floyd J. (2009). *Survey Research Methods 4th Edition*. Los Angeles, London, New Delhi, Singapore, Washington DC: SAGE publications.

[7] (e. I really appreciate your course, thank you).